1) áður voru það vætta-, lýsipunda- og pundslóð.

*dæma 1. kl. 30. des 1937:18 -*

eyjum, en ~~ná~~ í Kaupmannahöfn. Inni á svæðinu milli verslunarhúsana (portinu) var varðhundur, vetur og sumar. Var hann láttinn ganga laus á nöttum, en viðjaður járnviðjum á daginn. Var ekki laust við að kvenfólk og börnum yrði hverft við, er hundurinn kom fram í dyrnar í kofa sínum, með gapandi ginið og óð að þeim.. Um þetta svæði láu járnteinar neðan frá sjó og heim að húsunum. Á þeim gengu hlaðnir vagnarnir upp og ofan allan daginn, þegar skip voru afgreidd. Komu <sup>og form</sup> um langt skeið árlega um 15 - 16 skip til verslunarinnar, hlaðin ~~x~~ varningi. frá henni og til hennar.

Sem dæmi þess, hve fejkimiklar innlehdar vörur fluttust til verslunarinnar, má geta þess, að dæmi voru til, að um 30 þúsund pund ullar kæmu inn á einum degi og tiltölulega jafnmikið af annari vöru. Mest barst að af saltfiski, harðfiski, hrögnum og lýsi. Fluttist varningur þessi hvaðnæfa að, alla leið austan úr Óræfum (ullin) og utan úr Grindavík. (fiskur o.fl.) Meginþorri sjávarafurðanna kom þó úr nærliggjandi veiðistöðvum, Gátu þær orðið æði miklar, ef vel fiskaðist, því um eitt skeið gengu 18 skip frá Loftsstöðum og Tungu, 47 frá Stokkseyri, 28 frá Eyrarbakka, um 30 frá Þorlákshöfn og allmög úr öðrum veiðistöðvum t.d. frá Vík í Mýrdal og ~~úr~~ Selvogi. - - Auk þeirra húskynná sem verslunin átti og að framan voru talin ~~x~~, átti verslunin brauðgerðarhús eitt mikið. Stóð það skammt frá verslunarhúsunum. Voru þar bakaðar allar þær tegundir brauða sem tíðkuðust um þá daga. Þar á meðal "Wienerbrauðin" góðu, sem annáluð voru fyrir gæði. Þau voru eigi minni ~~en~~ ~~x~~ lík brauð eru hjer nú, en koastuðu þó eigi nema 5 aura hvert. Efnið í þeim var það besta sem völ var á um þessar slóðir, enduljet sjera Eggert í Vogsósum einhverju sinni svo um mælt, að "Wienerbrauðin á Bakkanum væru það besta sem fyrirfundið undir sólinni!" Þessi brauð og ýms önnur keyptu margir hjeðan úr Reykjavík, og rúgbrauðin voru miklu betri þar en hjer, eða það fannst okkur, sem stunduðu sjóinn bæði þar eystra og hjer á Seltjarnarnesinu. - - Bakarameistarinn á Eyrarvar um langt skeið, 25 - 30 ár N.C. Bach, sem nú er í Kaupmannahöfn orðinn háaldraður. Var hann alkunnur gæðamaður, gestrisinn mjög og vinmargur, bæði meðal innlendra og erlendra manna. Bach var enginn bindindismaður-en þó ekki drykkfeldur. Fjekk hann orð fyrir það, að hann freistaði manna til víndrykkju. Það ámæli átti hann ekki skilið, fremur en þeir menn sem óspart veita bæði mat og drykk. Eiga þeir ekki sök á því, þó aðrir kunni ekki magamál sitt og borði yfir sig. Aðstoðarmaður Bachs var Jón Jónsson sem kallaður var "Jón bakari". Anædaðist hann fyrir nokkurum árum á Eyrabakka í hárri elli. Voru þeir hvor um sig svo ástundunarsamir og iðju samir, að þeir bökuðu jafnt náttur sem daga, og höfðu þó oft ekki við að fullnægja eftirspurninni. - - Loks hafði verslunin stórt íshús til umráða. Þar var frystað kjöt, fiskur og sild, og var það ávalt fullt af þessum vörum. Sild var þar þó ekki fyr en á síðari árum, því hún var ekki notuð

til beitu fyr en undir seinustu aldamót. Voru hrogn mest notuð til beitu, enda ódýrari. Íshúsvörðurinn á Eyrarbakka, ~~xxx~~, allan þann tíma sem jeg var þar og lengur, var Guðmundur Sigmundsson, sem nú er kaupmaður hjer í bænum, árvakur maður mjög, trúr og tryggur öllum þeim er við hann s skiftu. Var hann vel metinn af húsbændum sínum og öllum öðrum. - - -

Skip og landfestar. Hafnleysið við suðurlandsundirlendið gerði alla að-flutninga til òg frá versluninni mjög torvelda. Var Eyrarbakkahöfn svo ótrygg að til stórvandræða horfði oft og einatt. <sup>svo myög hafi</sup> ~~Í Sjávargang=ur, (var svo mikill)~~ að nauðsýn bar til að flytja verslunarhúsin hvað eftir ~~þ~~annað.

Skipin sem komu til Eyrarbakka voru einu nafni nefnd "Bakkaskipin". Komu þau fyrstu venjulega milli sumarmála og loka.<sup>2)</sup> Var þá oft orðið lítið um vöñrur eftir allan veturinn og vertíðina, því skip hafði ekki komið frá því í ágústmánuði árið áður. Menn voru því orðnir æði langeygir <sup>g</sup> eftir skipi. Það var venja um langt skeið, að sá fjekk "sjónarvættið", <sup>1)</sup> er fyrstur manna varð til þess að segja hafnsögumanninum eða verslunarstjóranum að skip hefði sjest þar úti fyrir, og sú yrði rauðin á að það væri "Bakkaskip." Mönnum þótti það mikill frami og fjárvon eigi minni, að verða fyrstur til þess að tilkynna komu fyrsta skipsins á vorin.

Lögðu menn á sig miklar vökur í þessu skyni um sumarmála- og lokaleytið. En svo bar það alloft við, að þó að skipið sæist, þá komst það ekki inn á höfnina fyr en viku eða hálfum mánuði síðar, vegna þess að aldrei lagði svo sjó, að fært þætti að sigla skipinu inn. Rjeð vindstaða auð-vitað hjer einnig mikið um, því vindur varð að standa af hafi, helst af suðvestri, til þess að fært þætti að sigla inn. Oft var skipið komið inn undir brimgarðinn, eftir viku sveim, út og vestur af Vestmanneyjum eða Hafnarbergi, en varð svo að leggja frá <sup>aflur</sup> ~~lað~~ svo búnu. Sömu búsfjum urðu þau skip aðsæta, sem inni lágu og út þurftu að komast. Komust þau einatt ekki út fyr en mörgum dögum eftir að þau voru búin til brottferðar. Þetta var að vomum mikil skapraun skipstjórum og hafnsögumönnum og þeim öðrum er hlut áttu að máli. <sup>ugundinn</sup> Varð verslunin oft að greiða álitlegar upp-hæðir fyrir það, að skipin urðu að liggja inni á höfn lengur en um var samið. Voru mest brögð að þessu á haustin, því að þá var allra veðra von, en skipin hinsvegar sjaldnast leigð lengur en til ágústmánaðarloka.

Pegar skip var ferðbúiðog lestum lokað, var verslunarstjórin laus allra mála, og þurfti ekki að greiða legudagafje, þó að skip kæmist ekki út. Sundið, sem skipin fóru inn um og út aftur, heitir "Bússa", en hliðhalt því að austanverðu er þó aðalsundið, Einarshafnarsund, og koma sundin saman að innanverðu, aður en þverbeygt er inn og austur á lónið, sem skipin lágu á. A "lóninu" gátu mest legið þrjú skip samtímis. Áður fyrrum

1) Sjónarvættið var í fyrstu ein specia, en síðar 4 krónur.

2) Þ.e. frá 20.april til 11.mai.

varð að "svínbinda" skipin, sem kallað var: Frá skipinu lágu tvær festar að framan og aðrar tvær að aftanverðu, út í skerin sem liggja á báðar hliðar, land- og sjávarmegin. Þegar svo brim eða mikið hafrót gjörði, brast stundum önnurhvor festin sjávarmegin og oftar sú er vissi í landsuðuráttina, því að þá mæddi óbrotið brimið og stríður straumur í vesturátt svo þungt á skipinu, að hvorttveggja, samfara ofsaroki, olli því að eitthvað varð undan að láta. Brysti þannig önnurhvor festin sjávarmegin, brast hin líka og loks allar festarnar, og var þá ekki sökum að því að spyrja, að þá rak skipið óðfluga upp á hellurnar fyrir innan, en á þeim var þá venjulega stórveltubrim. Bæði menn og skip voru því í afarmikilli hættu, ef skipin staðnæmdust þar. Slíkur sjávargangur er jafnan mestur um háflæðið og raði því skipið oftast yfir hellurnar og upp á sand, án þess að taka niðri eða brotna. Til þess að koma í veg fyrir slíkan voða að skipið slitnaði frá festum, voru þau síðar látin liggja við svonefnt "sveifluakker" ("Svingl"). Lágu nú tvær festar út frá skerjunum sín hvoru megin - land og sjávarmegin - út í mitt lónið, þar sem skipið lá. Voru þær festar þar í stóran járnhring sem í botninum lá, en frá honum lá síðan oflug festi upp á framstefni skipsins og snerist hún á sigurnagla í miðju hringsins. Ápennan hátt tók brimið, vindurinn og straumurinn miklu minnaði skipið en áður, því nú snerist það eftir vindi og straumi, jafnframt því sem skipið lyftist upp við hvert öldusog, er undir það reið, eins og lægi það fyrir fjaðrakrafti. Skipstjóri sá er þessa nýbreytni tók upp, var danskur, og hjet Christiansen. Forðaði hann <sup>vafalanet</sup> með þessu mörgum frá því að lenda í hinum kalda faðmi úthafsins. Kaldhæðni örlagann höguðu því þannig, að hann tók út af skipi sínu "Anne Louise" í Eyrarbakkaflóa skömmu síðar, ánblæjalogni á og tó besta veðri, en skipið sjálft, sem flutti saltfarm til Þorlákshafnar, strandaði þar nokkurum dógum eftir að skipstjórann tók út. - Þegar skipin voru lögst við festar á Höfninni, og svo vel um þau búið sem unnt var, var þeim heilsað úr landi með þrem dynjandi fallbyssuskotum og tveim flöggum dregnym að hún. Var annað þeirra danski fáninn, en hitt lóðsflaggið, hvítt, með fimmblaðaðri rauðri stjórnú í miðjunni. Á haustin voru skipin kvödd á sama hátt og eins á sumrin, ættu þau ekki að koma aftur á því ári. Flest voru skipin frá 85 smálestum að stærð og 167 lestir mest. Komu mörg þeirra ár eftir ár, t.d. Thor, Terpsicora, Kristine, Niels Elbo, Fredericia, Zephyr o.fl. Þær sinn á Eyrarbakka sneri frambili til vesturs og var hann hærri en aðrir bær þar í kring. Þótti þar næðingssamt, ef veður stóðu af vesturátt og var því bærinn nefndur "Nepja". Jafnvel þó nafnið væri ekki óvið-eigandi, þótti það ekki nógu dýrðlegt og fóru menn því að hugsa upp annað nafn og veglegra. Nú bar svo vel til, að einhver málfræðingurinn hafði bent á, að nafnið Zephyr þýddi hægan vestanblæ og væri því bæði veglegt

og rjett nafn handa Nepju gömlu. Var hún síðan nefnd Zephyr í höfuðið á gömlu skútunni þrómuðum, en í daglegu tali og í framburði varð nafnið "Seffír". Auk erlendu skipanna, hafði verslunin einnig milliferðabáta í fórum. Fóru þeir með ströndum fram, austur í vík í Mýrdal, til Grindavíkur, Keflavíkur, Hæfnarfjarðar og Reykjavíkur. Minnþeirra (seglskip) hjet "Den lille". Var hann ekki stór en allgott skip. Síðar var þar og annar bátur (eimbátur) er "Oddur" hjet. Hann átti að vísu ekki"að heita Pórarinn", heldur danska nafninu "Pil". Þetta nafn breyttist einhvern vegin í íslensku þýðingunni og varð "Oddur". Slikan silakepp á sjó og valtrocó hefi jeg aldrei þekkt; reyndi jeg hann oft að því, jafnvel í bláhvítalogni og rjómasljettum sjó!

Verslunarháttir við Eyrarbakkaverslun.

Afgreiðslan. Í þau sextánár, sem jeg var við Myrarbakkaverslun, frá 1886 til 1902, höfðu nálægt 3750 manna föst viðskifti við hana. Voru þeir nákvæmlega skrásettir, og hlaut hver sitt "númer". Þannig átti jeg t.d. nr. 1925. Gætu þeir ekki sagt til um "númer" sitt eða þeirra sem peir áttu að versla fyrir, gátu þeir ekki fengið afgreiðslu, nema því aðeins að þeir hefðu heimildarskjál í höndunum frá þeim sem reikninginn átti. Voru þessi skírteini kolluð "Bevis". Á þeim var venjulega tekið fram hvaða vorur handhafi slíks skjals ætti að fá, eða fyrir hve mikla fjárhæð í vorum eða peningum mætti afhenda honum. Þegar búið var að afgreiða manninn gegn slíku heimildarskjali, var nafn hans skrifað á það, dagsetning o.s.frv. og það síðan dregið á band og geymt vandlega. Jafnframt var þess getið í viðskiftabók þess, er reikninginn átti, að úttektin hefði átt sjer stað gegn "Bevis". Væri ósin mikil og sendimaður mundi ekki númir sitt eða þess, er hann átti að versla fyrir, varð hann oft að bíða þess alllengi að fá afgreiðslu, vegna þess að þá var enginn tími til þess að leita að "númerinu" í númerabókinni. Það var því nauðsýnlegt að muna "númerin" sem best. Orsókin til þess, að svo strangt var gengið eftir númerunum var sú, að áður fyrrum höfðu menn hnuplað úr reikningum manna, með því að segjast eiga að taka út úr þeim. Eigi að síður gat það viljað til, að menn fölsuðu þessi heimilda-skjöl. Gat það verið miklum erfiðleikum bundið, að rannsaka slíkar falsanir og hafa hendur í hári sokudólgssins. Jeg gjori ráð fyrir að enn sjeu til slík heimildarskjöl eða skírteini og væri fróðlegt að sjá sum þeirra. Jeg hefi eignast 60 þv. skírteini með rithönd sjera Eggerts Sigfússonar á vogsósum. Eru þau ærið einkennileg og efnisrík, og lýsa honum betur en margt annað, sem hann hefur sagt og ritað. Viðskiftabækurnar voru á stærð við algengar spari-sjósbækur og var nafn og toluröð eigandans skrifað framan á hana. Inn í þessar bækur voru allar þær vorur sem viðskiftamaðurinn tók út eða lagði inn á árinu. Viðuárslok voru allar þessar viðskiftabækur gerðar upp

og búið til eftirrit af hverri þeirra. voru þessir reikningar sjaldnast tilbúnir fyr en í lok aprílmánaðar næsta ár og voru þá sendir út um sveit irnar með póstieða fyrstu ferðum sem fjellu. Biðu menn með mikilli óþreyj eftir eftirritum þessum. Bændur voru ekki síður áftirvæntingarfullir að sjá hvernig "reikningurinn liti út", en þeir sem nú leita hamingjunnar í happdrætti. Höfðu þeir oft beinlínir áhyggjur út af þessu.

Bækurnar voru bundnar með togleðri í knippi, tuttugu í hverju, voru þær á daginn geymdar í marghólfadri hillu eða skáp, en um helgar og á nóttum í eldtraustum járskáp. Stóð hann í einu horni smásolubúðarinnar, bak við sæti verslunarstjórans. Með þessu fyrirkomulagi, sem nú hefur verið lýst, var bókfærslan auðveld mjög og einföld. Mál og vigt varningsins var fært inn í ullar- eða fiskbakur eftir því sem við átti, og bækurnar síðan send ar inn í búð. Þar var fært inn úr þeim í viðskiftamannabækurnar (litlu) eftir þeirri roð, sem nöfnin stóðu í ullar- eða fiskbókunum, og viðskifta mennirnir síðan afgreiddir. Var þá kallað upp nafn mannsins eða hann leitaður uppi og hófst þá afgreiðslan tafarlaust. Væri hann viðlátinn, eða að hann kæmi stundarkorni síðar, gat hann ekki komist, fyrri en bókfærslumaður hafði afgreitt þann sem fyrir var, nema svo stæði á, að annar bókfærslumaður gæti gjört það. Í þessu efni, sem öðru, var viðhöfð hin stakasta reglusemi. Gat það því einatt verið bagalegt fyrir viðskiftamanninn, að vera ekki viðbúinn þegar nafn hans var kallað upp. - Á lestunum byrjaði afgreiðslan kl. 6 að morgni, og henni haldið áfram óslitið, fram til kl. 9 að kvöldi. Verslunarþjónarnir skiftust þá á um að fara heim til máltíða, eftir því sem ákveðið var fyrirfram um hvern þeirra, kl. 9 og kl. 10 til morgunverðar, en kl. 3 og kl. 40 til miðdegisverðar. Var þá blásið í lúður svo hátt og snjallt, að allir bæði utanbúðar og innan gátu vitað hvað tímanum leið. Til hvarrar máltíðar vær ætluð ein klukkustund. -

Við hlið hvers bókhaldara stóð jafnan unglingsmaður eða byrjandi verslunarmaður. Var hann kallaður "Afhændingsmand" og laut hann boðið bókarans í einu og öllu. Hlutverk hans var það m.a. að sýna viðskiftamönnum vörurnar, velja þær með honum, vega þær, telja og mæla, eftir því sem um var beðið og bókarinn sagði fyrir um. Jafnframt þessu skráði hann það í viðskiftabók mannsins, þegar afgreiðslumaðurinn kom aftur og sagði til um hvað hann hefði látið úti. Allt sem skráð var, var skrifað á dönsku, og enn fremur viðtöl öll á milli verslunarstjóra og bókara annarsvegar, og viðtöl þeirra við undirmenn síma hinsvegar, fóru fram á því máli.

Aftur á móti töluðu innlendir menn móðurmál sitt við viðskiftamennina og jafnvel við yfirmenn sína alla, nema verslunarstjórann.<sup>1)</sup> Kom þá stundum fyrir að Þanirnir töluðu ekki íslenskuna sem best. Eru til margar sögur af því, er landar og Þanir ræddust við og skildu illa, eða alls ekki, hvor

1) Nielssen. Thorgrimson mælti íslenska tungu mjög vel.

annan. Ein þeirra, sem einnig er gott dæmi þess, hvernig afgreiðslunni var hagað, er þannig: Danski bókarinn segir við afgreiðslumann sinn: "Pot og Pægl Brændevin!" Afgreiðslumaðurinn endurtekur þetta, fer samstundis og mælir viðskiftamanninum hið umbeðna. En er hann kemur til bókarñás aftur, er honum islenskan tungutamari og segir: "Fimm pela brennivín Daninn verður æfur við og segir með miklum rembingi: "Hva' be' har?" Jeg har sagt Du skulde maale ham Pot og Pægl, men nu har Du maalt ham fem Pægl! Altsaa giver Du ham een Pægl!" - - Það var venja sumra manna þar eystra, þegar þeir ávörpuðu aðravmenn, að segja: "Hvað skrafið þjer þá" í stað: "Hvað segið þjer þá til!". Einhverju sinni bar svo til, að karl nokkur hitti Lefolii á förnum vegin. Heilsaði karl honum og segir: "Jæja, hvað skrafið þjer þá, Lefolii minn??" Lefolii varð fár við, og svaraði um hæl: "Jeg skrabber ikke noget!" - -

Á vorin, um vorlestirnar, og oft endranær, var ösin svo mikil, að til vandræða horfði með afgreiðsluna, vegna troðnings og þrengsla, og var þó búðin stór. Á slíkum dögum bar það iðulega við, að þó aðbúið væri að afgreiða menn allan daginn slitalaust og af mesta kappi, þá voru jafn-margir eða fleiri eftir að kvöldi til næsta dags, eins og þeir voru að morgni þegar byrjað var. Voru það oft hátt á annað hundrað fastra við-skiftamanna. Stóð slík ös einaðt dögum saman. Urðu menn þá að bíða í 2 - 3 daga, til þess að komast að. Austanmennirnir og þeir aðrir sem lengst voru að komnir, ljetu það ekki á sig fá, heldur biðu rólegir uns röðin kom að þeim. Þeir þurftu að bíða hvort sem var, til þess að hvila bæði sjálfa sig og hesta sína sem best. Bakkamenn og nærsveitarmenn voru vitan lega daglegir gestir og fastir viðskiftamenn verslunarinnar. Voru margir þeirra "leiðir langþurfamenn", sem sjaldnast máttu biðja um mikið út á reikninginn sinn, því naumast var hjá þeim um miklar inneignir að ræða, heldur meiri og minni skuldir. Skuldir þessar borguðust þó venjulegast upp að mestu lejti einu sinni á ári. Gerðist það á kauptíðinni á vorin, er þeir höfðu lagt inn afla sinn eftir vertíðina, ef hún þá hafði gengið sәmilega. og ull af nokkurum kindum, eða á haustin, er sumarkaupið var komið inn á reikning þeirra. Þessum mönnum - og þeir voru margir - var máske nóg að fá við og við eina eða tvær skeffur af rúgi, sem þeir svo möluðu sjálfir, til að hafa útákast á grautinn sinn, eða þá þeir fengu "sitt pundið af hverju", sem kallað var, en það var: 1 pund af kaffi, 1 pund af kandissykri og hálft pund af rót (exportkaffi). Aldrei vissi jeg til þess að verslunarstjórin ljeti þessa menn synjandi frá sjer fara. Enda var honum allra manna kunnugast um hagi þeirra og fann oft sárt til með þeim, ef þeir liðu skort. Þetta margendurtekna <sup>hugtak:</sup> "Sitt pundið af hverju" og stundum einnig: "Sín ögnin af hverju" skildu allir og vissu við hvað var átt. Það var orðið rótfast í hugum manna og meðvitund.

Fyrir jól og aðrar stórhátiðir fengu menn venjulega frekari úrlausn, t.d. 1 pund af brauði, skonroki, hagldabrauði eða skipsbrauði, 1 eða 2 pund af púðursykri (Farin) <sup>einhverja</sup> 1/4 pund af munntóbaki eða 1/2 rjólköggul.

Loks var það talin sjáfsögð skylda, að láta menn fá á j+ólapelann og aldrei minna en á priggjapelaflösku og má segja að "lítill sjeu not lífssins án sælgætis!" <sup>Pæð</sup> bótti sælgæti þá, þó ekki væri það meira en þetta nje margbrotnara, og vist er það, að menn áttu þá engu síður en nú, gleðileg jól, sem geymdust í hugum manna um aldur og æfi, sem sannkallaðar sélustundir. - [Jafnframtínum eigin vörum, voru sveitabændur einatt með vörur fyrir aðra, kunningja sína, börn sín og vinnuhjú. Pannig var Markús gamli Jónsson frá Bakkakoti í Meðallandi oft með sín 2-3 pundin af ull fyrir um og yfir 20 menn aðra frá heimili sínu eða nágrönnum. - Þegar byrjað var að afgreiða, dró viðskiftamaðurinn blað eða bók upp úr vasa sínum. Þar á var ritað vörumagn hans eða annara, sem hann verslaði fyrir, verðmæti þeirra eftir því sem hann hafði getið sjer til eða gert sjer áætlun um áður en hann fór að heiman og loks þær vörur sem hann þurfti að fá út. Hið fyrsta sem farið var fram á, var venjulega og undantekningarlítið, þriðjungur í peningum, því um skuldir var naumast að ræða þegar búið var að leggja inn <sup>um</sup> ~~um~~ <sup>þær</sup> lestu <sup>um</sup> ~~um~~. Því næst var beðið um brennivín, 2-4 potta, sumir jafnvel 1 eða 2 kvartél (40 - 80 potta). Það voru raunar ekki nema stærstu bændurnir, og þeir, sem mjög voru hneigðir til víns, sem leiðföu sjer slíkt eða þá þeir sem bjuggu við þjóðbraut og höfðu greiðsölù. Það var mælt um Magnús gamla á Skaftárdal, að hann soldi vín og græddist fje á. Einhverju sinni <sup>bað</sup> /bróðir hans <sup>bað</sup> hann um eitthvert lítilræði, á hann <sup>bað</sup> að hafa sagt: "Jeg get það, en jeg geri það ekki!". Varð þetta ~~x~~ síðan að orðtaki þar eystra.] Að peningunum og brennivíninu fengu, báðu menn um kornmatinn, kaffi, sykur, kol og salt, lit og járn, ljái og brýni o.s.frv. og lítið eitt af "kramvöru" en því mafni var álnavararan nefnd. Yrði úttektin meiri, en verði innlagða varningsins nam, þá var sjálfsgagt að draga úr henni, sína ögnina af hverju, öllu, nema peningunum og brennivíninu, því það hvorttveggja varð að koma til skila eins og um var talað. Að afgreiðslu lokinni, var það ófrávikjanleg venja, að viðskiftamaðurinn fengi á "ferðapelann" og var það sjaldan minna en priggjapelaflaska af brennivínini. Væri um stærri viðskiftamen <sup>v</sup> að ræða, þá fengu þeir á tveggja eða fjögra-potta kút. Eins var það sjálfsagt að bændurnir, synir þeirra eða vinnumenn, hefðu ávalt nóg á pytlunni meðan þeir stóðu við. Entist mörgum þeirra þessi "björg" svo vel, að þeir gátu gert sjer og vinum sínum gott af því á heimleiðinni eða jafnvel um lengri tíma. Sjaldan voru langferðamenn þó svo drukknir, að þeir gætu ekki haldið leiðar sinnar þess vegna. Aðalvínforði verslunarinnar var geymdur í "kjallaranum". Úr honum var vínið flutt í ámu eina, sem lá á hliðinni við norðurvegg búðarinnar.

einn kvartpeli af messuvíni. Þetta tvoruskallaðarl "góðgerðir" voru í rauninni ekki annað en einskonar launauppbót. Þessu var síðar breytt: í stað "góðgerðanna" komu 12 aurar fyrir hvern virkan dag vikunnar, sem greiddir voru í peningum á hverju laugardagskveldi. Yfirleitt var kaupgjald allt og vinnulaun greitt í vörum, en þeir sem inni áttu, gátu þó ávalt fengið þriðjung inneignar sinnar greiddan í peningum. Eins þótti það sjálf sagt að allir, jafnvel þótt skuldugir væru, fengju peninga út í reikning sinn til nauðsýnlegustu parfa, t.d. til opinberra gjalda, þinggjalds, prests og kirkju og annara slíkra áлага. Síðar voru þessi og fleiri gjöld skrifuð á milli reikninga, og talin sem peningagreiðsla. Var þetta gjört til hægðar- auka ~~þínar alfríðar~~ sem hlut áttu að máli, kröfuhafa og gjaldenda. Um eitt skeið gaf verslunin út gjaldmiðil þann er "vöruseðlar" nefndust. Þetta voru 1 kr., 2 kr. og 5 kr. pappirsseðlar og áttu að vera einskonar vöruávísanir. Seðlar þessir voru mjög illa þokkaðir, síst betur en landsbankakrónuseðlarnir, sem notaðir voru hjer um eitt skeið. Verkamennirnir utan búðar varu alloftast á sumrum nálega 100 að tölu. Af öllum þeim hópi var aðeins einn maður sem jeg vissi til að dró saman "góðgerðir" sínar yfir allt sumarið. Íjet hann reikna þær sjer til peningaverðs á haustin og tók þár út. Þetta fje, og það sem hann hafði sparað sjer saman af sumarkaupi sínu, fór hann með til Reykjavíkur og lagði það inn í sparísjóðsdeild Landsbankans.

Pegar þessi maður var láttinn, rúmlega fertugur að aldri, kom það í ljós aðskonrokskökurnar og brennivínskvartpelarnir, ásamt áurum þeim sem hann hafði sparað saman af sumarkaupi sínu, voru orðnir að tugum þúsunda króna. Lengi tíðkaðist sá síður, að bændur sendu vinnumennsína í verið, á Bakkann eða til Þorlákshafnar. Fyrir þann hluta ~~þáuna~~ sem bændur áttu að standa straum af, ljetu þeir kaupamönnum sínum "Bevis" í tje. Því var tiltekið hvað vermaður mátti taka út í reikning húsbóna sins, þess á meðal hið áður nefnda "sitt pundið af hverju". Sykurbirgðirnar voru því ekki meiri en svo, að þær nægðu jafnvel ekki fram aðsumarmálum. Til þess að drekka ekki kaffið sykurlaust var vinnumanninum nauðugur einn kostur að kaupa ~~ham~~ fyrir peninga. Þessa aðstoðu notuðu ýmsir smákaupmann og aðrir þeir sem inni áttu, og keyptu smám saman upp allar sykurbirgðir verslunarinnar. Til þess að afla sjer peninga seldu nú vinnumennirnir smjor, fisk og brauð af mötu sinni og keyptu sykur hvar sem hann var að fá, eða aðrar þær vörur sem þá vanhagaði um. Þetta var í rauninni á kostnað húsbóndans, sem nú varð að greiða ~~þá~~ fleiri brauð en ella. Þeir sem sykurbirgðirnar áttu, eða aðrar þær vörur sem protnar voru við verslunina, seldu þær nú okurverði, þannig að 1 pund af sykri var lagt að jofnu við hálft rúgbrauð (3½ pund), 1 pundi af smjöri eða ríggildum þorski! Á pennan hátt urðu rúgbrauðin sem vinnumaðurinn tók út, helmingi fleiri en þau sem vinnumaðurinn át sjálfur. Undan okurverslun þessari kvörtuðubændur oft og margsinnis. Til þess að

Áma pessi, sem tók 11 lagartunnur, entist samt ekki legur en svo á lestunum, að hana varð að fylla að áliðnum degi, þó fleytifull væri að morgni. Afarstór "krani" var á öðrum botni hennar og tveir smærri "kranar" út frá honum til beggja hliða. Mátti svo segja, að bunan stæði út úr þeimm allan daginn, enda hafði sá er vínið mældi ærið að starfa, ~~því sífellt var hrépað~~ "Prjá pela! Prjá pela! Hálfpela! Hálfpela! Kvartpela! Staup! Staup! Staup! .... var þá auðvitað átt við Brennivín og ekki neitt annað!!" Það voru ~~því~~ nálega 1800 lítrar af pessari nauðsynjavöru (!) sem daglega gengu út um lestirnar. Auk ámu þessarar var önnur venjuleg lagartunna, með brennivíni af bestu tegund og hrökk hún venjulega til yfir daginn. Tunnur þessar nefndu sumir í spaugi: "Stóru synd" og "Litlu synd!" Var okkur sjerstaklega tekinn vari fyrir því að drýgja ekki slíkar syndir, jafnvel þó freistaingin væri mikil hjá sumum. Romm (hið viðfræga "Bakkaromm") Cognac, Whisky, og yfirleitt allskonar víntegundir hafði verslunin ávalt til sölu. Auk brennivínsins voru einnig ýmiskonar meðul á boðstólum t.d. verk- og vindeyðandi dropar og "Grassia" svo og allskonar áburðarmeðul. Voru ávalt til nægar birgðir af pessháttar varningi. Purftu menn þá ekki á "recepti" að halda, þó beðið væri ~~um~~ sem svaraði einum eða tveim "Hundaskömtum"!: Sjaldan reið kvenfólk til kaupstaðarins, og allra sist að það kæmi langt að. Var ~~þá~~ <sup>Komum seinum</sup> ~~því~~ eienhvern dreitil á férðapelanum, er þeir komu heim úr kaupstaðnum, því ekki máttu þær fara á mis við öll þessa heims gæði. Var þetta venjulega hálf eða heilflaska af víni sem kallað var "kvennavín." Vín þetta var búið til á þann hátt, að tekinn var stór flókahattur, á stærð við meðalskjólu, hreinn og vel þveginn. Hann var hengdur á þrem böndum upp í bita í "kjallaranum". Ofan í hann voru látin umsóp öll úr sykurskúffunum og síðan bætt við það púðursykri (Farin) eftir þörfum. Því næst var sjóðandi vatni helt í hattinn, og sykurlögurinn látinn síast í gegn um hann ofan í afarstórt trjeker. Við þetta bættist svo hæfilega mikill vínandi, en kirsüberjalegi blandað við allt saman til þess að liturinn yrði fagurrauður ogv sem gírnilegastur. Þegar þessari blöndun var lokið var ekki annað eftir, en að seta lögin <sup>á</sup> flöskur, og ganga frá þeim. Þegar búið var að reka tappana í flöskurnar, með til þess gerðri tappavjel, og dýfa flöskustútunum ofan í bráðið lakk, rautt eða grænt eftir atvikum, voru límdir á þær forkunnar fagrir miðar. Voru þeir prýddir myndum af vínberjakónglum, logagyltum engla-hámyndum <sup>óelum</sup> ~~lj~~ hornum en Amor og og Venus í miðju. Vorum við ætíð hrifnir af þessu sköpunarverki okkar og þótti það harla gott. Það liggur í augum uppi, að ~~allure~~ <sup>þessir</sup> brennivíns-~~la~~ straumur hlaut aðlhafan ~~för með sjer~~ mikjens og palmannan drykkjuskap í för með sjer, og leiða sannkaða "brennivínsöld" yfir landið. Keyrði jafnvel svo úr hófi, að öllum hugsandi mönnum hlaut að standa stuggur af. Leiddi það til þess að mörg bindindisfjelög voru stofnuð. Verður þeirra að nokkum

getið síðar. -- Auk hinna mörgu föstu viðskiftamanna var og fjöldi annara sem versluðu í "lausakaupum", þ.e. fyrir peninga, ull eða aðrar vörur á ljetta vog. Enda þótt peningar væru lítið sem ekki notaðir í viðskiftum manna á milli í þá daga, kom þó einatt "drjúgur skildingur" inn á pennan hátt. Það ~~víru~~ peir Jón á Loftsstöðum, ~~en~~ Isólfur bróðir minn og jeg, sem oftast höfðum þessa verslun á hendi yfir sumartímann, án þess þó að hafa "Afþændingsmand" okkur til aðstoðar. Á öðrum tímum gegndu ýmsir <sup>advær meðum</sup> þessum störfum og var ávalt mikið annríki og ónæði samfamaðeim. -- Almenningi, bæði til lands og sjávar, þótti gott að skifta við Eyrarbakkaverslun. Þótti hún framúrskarandi áreiðanleg og lipur í viðskiftum, enda vissi jeg aldrei til þess, að nokkuru sinni væri kvartað undan ragri vog eða mæli. Vörurnar, þóttu að vísu nokkuð dýrar, en voru annálaðar fyrir gæði, svo að óvíða þóttust menn eiga kost á betri varning. -- Til fróðleiks, og eins til þess að sýna, hve umfangsmikil Eyrarbakkaverslun var, skulu hjer taldir nokkrir liðir útreikningum verslunarinnar eins og þeir voru árin 1875 og 1892. Varð hún þó mun umfangsmeiri síðar. Árið 1875 komu 10 skip til verslunarinnar en 1892 voru þau 14.

|                      |     | 1875      | 1892      |
|----------------------|-----|-----------|-----------|
| Inneignir            | Kr. | 24512,09  | 24433,49  |
| Útistandandi skuldir | -   | 19382,47  | 75870,58  |
| Kostnaður            | -   | 5145,64   | 6765,80   |
| Laun                 | -   | 7257,21   | 15011,83  |
| Verslunarágóði       | -   | 7439,99   | 3301,82   |
| Vörubirgðir          | -   | 119155,12 | 221506,75 |
| Verslunarmagn        | -   | 427449,29 | 611870,16 |
| Eyðslufje            | -   | --        | 2875,80   |
| Rýrnun og lök vigt   | -   | 817,04    | 1138,17   |

Reikningar þessir eru gjörðir í lok ágústmánaðar hvort árið, þegar öllum vor- og sumarlestum er lokið. Þess berlað gæta, að þá var hver króna pre-~~setu~~ jafnvel fjórfalt verðmeiri en nú er. -- -- (1937) *g*

Starfsmenn verslunarinnar. Rúmið leyfir ekki að geta allra þeirra verslun armanna sem um lengri eða skemmti tíma störfuðu við ~~(verslun)~~ Eyrarbakka. Verður aðeins þeirra getið, sem þekktastir voru og lengst hafðu starfað við hana. Skal þá fyrst getið Guðmundar sál. Guðmundssonar bóksala, sem var í þjónustu verslunarinnar samtals um 56 ár. Hann var ástundunarsamur mjög, nákvæmur og ábyggilegur. Guðmundur ritaði fagra rithönd. Var hún ávalt jáfnfögur, hvort sem hann ritaði hratt og af kappi eða hann lagði sig til. Síðustu ár sín átti Guðmundur heima hjer í Reykjavík, og er nú fyrir skömmu látinna. Synir hans eru þeir Guðmundur kaupmaður á Selfossi og Sigurður bóksali á Eyrarbakka. -- Kristján Jóhannesson (d. 8. febr. 1910, 43 ára að aldri.) var um tekt, er hann kom sem vikadrengur til Nielsens gamla. Sá hann skjótt hve góður, ráðvandur og athugull piltur Kristján heitinn var, og tók hann því í búðina til sín. Við vorum samtímis við verslunina þau 16 ár sem jeg starfaði við hana, og auk þess vorum við í stjórn Spari-

sjóðs Árnessýslu um 10 ára skeið, ásamt Guðjóni Ólafssyni (d. 27. júni 1918 65 ára að aldri), þar til jeg fluttist til Reykjavíkur. Jeg þekkti Kristján manna best og reyndi hann ávalt að tállausri tryggð, staðfestu og samvisku semi. Kristján var manna glöggastur á tölvísi, þó eigi væri hann lærður í þeim fræðum. Var homum jafn sýnt um reikning og tölur, hvort heldur var í huganum eðam með pennanum. Svo minnugur var hann á tölur, að hann mundi svo að segja hvers einasta fasta-viðskiftamanns. Nægði að segja til um nafn viðskiftamannsins, gerðist þess þá ekki þörf að fletta upp númerabókinni, ef Kristján var einhversstaðar á næstu grösnum. Sparisjóði Ármessýslu stjórnaði hann til dauðadags með frábærum dugnaði og árvekni. Var það mikil fjón fyrir Eyrarbakka er hann fjell svo skjótt frá. - Guðjón Ólafsson var hinn mesti ágætismaður, glaður og góður við alla, smáfyndinn og vel hagorður. Eru til margar smellnar vísur eftir hann. Því miður hefur hann lítið haldið þeim á lofti, því hann var dulur í skapi að eðlisfari. Fáskiftinn var hann um aðra menn og þeirra hagi en því raunbetri ef til hans var leitað um góð ráð. - Siggeir Torfason var meðal þeirra fyrstu, er jeg kynntist þegar jeg kom til verslunarinnar. Mun mjer seint gleymast hve leiðbeinandi hann var og ljúfur við mig, ungan og óreyndan unglung, hve umburðarlyndur og átölulaus (~~hann-var~~) ef eithvað bar út af, og var ham þó skapmikill. Var hann ávalt reiðubúinn til þess, að leiðbeina mjer með hógværð og stillingu, hvernig petta eða hitt ætti að vera. Það má telja happ fyrir hvern ungan mann, sem lítið kann og er einurðarlítill, að komast undir stjórn slíkra manna sem Siggeir ~~þ.~~. Svo var um mig. Guðmundur Ógmundsson, bróðir Brands sál. á Kópsvatni, (~~tengdæfæðir-Gunnars-E-, Kvaran~~) var einn hinn skemtilegasti og spaugsamasti maður sem jeg hefi verið samtíða. Var bæði gagn og gaman að eiga viðræður við hann. Aðrir bókarar sem voru samtímis mjer, voru, auk nokkura annara, þessir: Hjálmar sál. Sigurðsson, Guðjón ~~Ólafsson~~, Posteinn Porgilsson, faðir Ólafs sál. verkfræðings, Gísli Jónsson, sem ~~nú er~~ hjá Nathan & Olsen, Guðmundur Oddgeirsson, (d. í Buenos Eyres 5. nóv. 1920), Guðmundur Guðmundsson, sem nú er á Selfossi, Pjetur sál. Guðmundsson og síðast en ekki sist hinn gamli fjalagi minn og sambýlismaður Jón eldri Jónsson á Loftsstöðum. Bjuggum við Jón á Loftsstöðum í mörg ár saman hjá þeim Halldóri sál. Gislasyni trjesmið og konu hans Guðrúnu Einarsdóttur, sem ~~nú~~ ~~býr~~ hjer ~~þ~~ bænum. Á því heimili hittumst við oft, allir þessir fjalagar og samsfarfsmenn. Ræddum við saman, sungum og sögðum sögur. Eru mjer margar þær stundir ógleymanlegar, sem við dvöldum á þessu indæla, friðsama og fágæta heimili. - Ýmsir danskir verslunarmenn voru að staðaldri við verslunina, t.d. Carl Danielson, Chr. Lange, sem síðar var hjer í Reykjavík, L. Larsen, sem síðar varð verslunarstjóri hjer hjá Thomsen og drukknaði á Viðeyjarsundi 26 júli 1884 ásamt Sigurði Sigurðsyni, kennara við Latínuskólann. Larsen var að vísu farinn af Eyrarbakka

áður en jeg kom þangað, en jeg komst í góð kynni við hann á árunum 1882 og 1883, auk þess sem jeg kynntist honum meðan hann dvaldi á Eyrarbakka. Margir voru þeir fleiri, þó ekki nefni jeg nöfn þeirra, sem jeg var samtíða þar eystra. Er mjer óhætt að fullyrða að þeir voru hinir viðkynningar bestu og vönduðustu menn. Reyndust þeir mjer allir sem bræður og bestu fjelagar. Minnist jeg þeirra allra með vinsemdu og þakklæti, og það því frekar af þeim ástæðum, að síðar á lífsbraut minni urðu þeir menn á leið minni, sem jeg get ekki sagt slíkt hið sama um, og reyni að gleyma. -- í vefnaðarvörubúðinni voru oftast tveir eða þrír karlmenn og tvær stúlkur. Lengi voru þeir Guðmundur sál. Oddgeirsson og Guðmundur Guðmundsson (nú á Selfossi) í þeirri deild. Er þeirra fyr getið. Ennfremur nokkrir danskir menn, t.d. Danielsen og Bergmann, en lengst allra <sup>þær</sup> Ingibjörg Halldórsdóttir, sem síðar giftist Bergmann og býr nú í Kaupmannahöfn, og Sólveig Danielsen sem nú er hjer við verslun þeirra ungfrú Gunnþórunnar Halldórdóttur og frú Guðrúnar Jónasson í Reykjavík. Loks var ungfrú Guðmunda, dóttir Niels-sens gamla, lengi í þessari deild. Sveitabændurnir kepptust um að láta stúlkurnar afgreiða sig og ljetu það oft í ljósi við þær, að þeir óskuðu einskis fremur, en að "eiga það eftir", að mega koma næsta ár - og helst mörg þau næstu- til þess að verða þeirrar ánægju aðnjótandi að geta versla að við þær og njóta hollra og góðra ráða þeirra við að velja sem bestar og hentugastar vörur. Nutu þær almenningshylli, enda fór mikið orð af því, hve liprar og leiðbeinandi þær voru. -- Meðal hinna mörgu starfsmanna verslunarinnar var einn, sem nefndur var "Brennivínsmaðurinn." Starf hans var að vísu ekki erilsamt nje umfangsmikið, en argsamt mjög og eirulaust. Voru til þessa starfa jafnan valdir þeir menn sem ekki gátu haft ferilvist mikla, eða voru á einhvern hátt bagaðir. Gátu þeir setið eða staðið í sömu sporum við starfa sinn allan liðlangan daginn. Naumast mun nokkur annar maður viðverslunina hafa haft ónæðissamara nje vanþakklátara starf en hann, því ávalt var verið að hrópa til hans á þessa leið: "Two potta brennivín!, þrjá pela, hálfpela, staup! staup! staup! ..... "Brennivínsmaðurinn" varð auðvitað að endurtaka þessi orð, jafnskjótt sem þau hljómuðu í eyrum hans, og segja: "Two potta brennivín! - Prjápela! - Staup! o.s.frv. eftir því sem við átti í hvert skifti. Sagði hann þá oft: "Two potta! flát! - Prjá pela! flát! - os.frv. Vildi honum oft fatast mjög í röðinni, enda voru þeir, sem við áttu að taka, ekki ávalt viðlátnir með flát sín. Olli þetta oft hinu mesta masi og argafasi. -- Við búðarborðið stóð jafnan maður nokkur sem dyranna gætti. Var hann þrekvaxinn mjög, og hafði mikla krafta í köggum. Komu þeir í góðar þarfir, ef svo bar undir að hann þyrfti að vippa þeim út fyrir aftur, er áleituðu, á þess að eiga nein forrjettindi á því að koma"inn fyrir búðarborðið." Rjettindi þessi, að vera "boðið inn fyrir disk", hlautu menn að jafnaði með því einu, að leggja inn vörur sína í þeirri röð

sem þeir komust að vigtinni úti í vörugeymsluhúsunum. Voru nöfn þessara manna kölluð upp inni í búðinni eftir þessari röð og dyraverðinum boðið að opna dyr fyrir þeim. Stundum brá þó út af þessari venju einkum ef við-skiftamaðurinn átti miklum persónulegum vinsældum að fagna hjá verslunarstjóranum eða ef um athafnamikla efnamenn, ríka ullarbændur eða útvegs-menn var að ræða. Stundum stóð þannig á, að mikilsmegandi viðskiftamenn höfðu farið fram á það <sup>fyrir fram</sup> verslunarstjórn, að mega njóta þessara for-rjettinda vegna annríkis eða af öðrum ástaðum. Mátti þá einatt sjá ein-kennilegu brosi bregða fyrir og allspaugilegum ánægjusvip í andliti sumra, um leið og þeim þannig var skotrað inn fyrir borðið. Hinir sem fyrir utan stóðu, litu öfundaraugum til þessara "burgeisa", sem slíkrar náðar urðu að-njótandi. Ekki var laust við, að í svip þeirra, sem þannig voru látnir ganga fyrir öðrum, lýsti sjer drýgindalegur hrokablær og ánægja yfir því, að vera hafnir svo hátt yfir alla aðra, að vera "boðið inn fyrir búðar-borðið!!!":!! Út af þessu bar það stundum til að í pataldur slæi milli dyravarðar og drukkinna ferðamanna, sem fóru í kjölfar þeirra, er inn var boðið og ruddust inn, hvað sem hver sagði. Pannig bar það til eitt sinn, að maður nokkur, austan Þjórsár, beið ekki boðanna, heldur rjeðist á dyra-vörðinn og hvað sem fyrir var, og óð rakleiðis að opinni skúffu fullri af púðursykri. Preif hann þar fulla sleif af púðursykri og bar að munni sjer. Maður þessi var utan víns hinn mesti meinþægðarmaður, og var því lítið um þetta fengist, og honum hegnt með því einu, að afgreiða hann ekki fyrri en röðin kom að honum. Þótti honum það engu minni mógerð en hitt, að vera láttinn bíða, eins og aðrir, fyrir utan búðarborðið. Maður þessi var jötunn að afli, og þó einhverjur hefðu þótst geta haft í fullu trje við hann, eða viljað reka hann út, hefði það verið bannað. Að lokum vil jeg geta þess, að hann var um eitt skeið einn hinn fræknasti ferjumaður við Þjórsá, al-þekktur öðlingsmaður, sem margir áttu gott upp að unna. Þetta, að hann gæ-gerði sig heimakominn við sykurskúffuna, var einungis gert til þess að ögra þeim sem á horfðu, en ekki af neinni illúð eða óráðvendni. --

Einkennilegt fólk. Ýmsir einkennilegir karlar voru á vegum verslunarinnar eða áttu heima á Eyrarbakka. Einn þeirra var Sigurður „fjórði“, sem oftast var kallaður "Siggi fjórði". Var hann lengi aðstoðarmaður beykjanna svo sem fyr var getið og við laxverslunina. Auknefni sitt mun hann hafa fengið af því, að hann var fjórði vinnumaðurinn í röðinni með Sigurðarnafninu hjá ekkju einni, sem bjó á Bakkanum. "Siggi fjórði" var skjálgur nokkuð og stamaði mjög. Drykkfelldur var hann í meira lagi, eins og fleiri ~~Bakka-~~ karlar á þeim tínum, en hann var talinn gott hjú og trúr maður í stöðu sinni. "Siggi fjórði" hafði fengið fyrirheit um það, að ef skipið, sem fílm flutti seinasta laxfarminn, kæmist í tæka tíð, og heilu höldnu út úr höfn-inni, þá skyldi hann fá brennivín gefins á fjörapottakútinn sinn græna.

Daginn sem skipið átti að fara út, vaknaði "Siggi fjórði" snaemma og var á höttunum allan daginn. Þegar að því kom, að skipið leysti festar og lagði á sundið, stóð "Siggi fjórði" með öndina í hálsinum niðri í sjógarðshliði, blýskorðaður við vegginn og blindsakkaði augunum ýmist út til skipsins eða til þeirra er framhjá gengu. Mælti hann <sup>fjó</sup> ekkert orð, þó á hann væri yrt. En þegar skipið skrapp út fyrir ysta boðann, heyrðu menn hann segja hátt og snjallt: "Gvu - gussé lof! Pa-par slapp ann!" Hljóp hann síðan sem fetur toguðu, með kútinn undir hendinni inn í búð og krafðist verðlaunanna. - Maður hjet Álfur Skíðason frá Bær. Við verslunina var ~~maður~~ einn (~~sem var~~) danskur. Höfðu fjelagar hans gaman af því að láta hann spreyna sig á islenskunni, enda langaði hann til þess að læra hana. Peir ljetu hann því kalla upp nöfn ýmsra manna þegar ösin var sem mest. Meðal þeirra var nafn Álfs þessa. Mun hann sennilega hafa orðið fár við er hann var nefndur "Alv Skidson í Bor!!"! Erfiðast átti þessi danski maður með segja nöfn eins og t.d. Rosmhvalaneshreppur, Rauðilækur o.fl. Fyrra nafnið er ómogulegt að sýna, hvernig hann bar fram, en <sup>því</sup> síðara var eitthvað á þessa leið: "Rá-di-le-kúög!!" Þegar þeir þóttust vera búrir að kenna honum svo mikið í íslensku, að hann gæti farið að þýða einstök orð og setningar á danska tungu, ljetust þeir velja allra auðveldustu viðfangsefnin.

M.a. ljetu þeir hann reyna sig á þessari setningu, sem þeir þó naumast munu hafa skilið sjálfir. Hún var svona: "Sólin er í hjálmböndum og því er útlit fyrir, að hann ætli að þræsa í öfugan klósigann enn um hríð!" Pilturinn gafst alveg upp við að læra islenskuna, enda var þessi fyrsta tilraun ekki neitt sjerlega aðgengileg eða auðveld. Vantaði hann þórhvorki viðleitni nje góðan vilja til þess að hafa sem mest not af kenslunni. Manntetrið var þágur og þrautseigur við námið, þrátt fyrir það, þó hann sái, að þeir voru að hlæja að honum. Hann hló þá líka og hjelt að sjer hefði þá tekist best upp, er mest var hlegið!! - - Hafnsögumaðurinn var mesti skynsemdarkarl<sup>x</sup>, en ekki sem sterkestur í döñ-skunni. Þegar gömlutskipstjórarnir komu í land til þess að sækja skipsskjöl sín og voru orðnir leiðir á biðinni, spurðu þeir hann stundum: "Hvad mener De om Vejret í Dag, Herr Lods?" Gamli maðurinn gretti sig, gaut augunum í allar áttir og upp í himinhvolfið og sagði síðan með miklum spekingssvip:

"Je trúer vindurinn han blífur skral í dag, herr kaftæn!!"

Þessi tvö dæmi, sem ekki eru ólík hvort öðru, sýna að "bæði voru nú skæðin góð", þegar um málakunnáttu var að ræða bæði hjá ~~D~~önum og Íslendingum. Yfirleitt logðu Bakkamenn harla litla alúð við danska tungu og gerðu sjer far um að láta hana hafa sem minst ~~á~~ áhrif á málfar sitt. Mættu margir, ekki síst Reykvíkingar taka þá sjer til fyrirmynnar í þessu efni. Óllum þeim sem íslenskri tungu unna, hlýtur að taka það sárt, að heyra ungar og fagrar blómarósir segja, að þetta eða hitt sje "agalega lækert!!".

Á hverju vori, þegar hvert skipið rak annað, voru ávalt margar og stórar körfur með tveim prem fyrstu skipunum. voru þær fullar af glervöru, diskum, skálum, spilkum, könnum, krúsum og bollapórum. Körfur þessar voru allrei opnaðar eða dreginn úr þeim nagli til þess að opna þær, fyr en konum tveim, báðum á átræðisaldri, hafði verið gert boð um, að nú ætti "að opna körfurnar með glertauinu." Mættu þær þá í eigin persónu, til þess að vera viðstaddir þessa hátiðlegu athöfn. Konur þessar voru þær Kristin Jónsdóttir Gottsveinssonar og Dórey Guðmundsdóttir. Þen því voru þær æfinlega tilkvaddar, að þær máttu velja sjer svo margt og mikið af því sem glervöru-körfurnar höfðu að geyma, sem þær með nokkuru móti gátu komist yfir og keypt. Forréttinda þessara, fram yfir aðra, höfðu þær notið um margra ára skeið. Gerðu þær sjer síðan margar ferðir upp um sveitirnar og gáfu vin-konum sínum þessi dýrmætu djásn, ásamt orlofskökunum, silki-handlínunum, svuntu- og peysufataefnunum eða einhverri annari forlátaflikinni, sem sveita konunum kom svo vel að fá. Stundum komust gömlu konurnar í stökustu vand-ræði, vegna þess, að þær hofðu þá ekki ávalt næga peninga til að kaupa allt þáð, er þær girntust, og urðu með tárvotum augum að horfa á eftir margri fásjeðri forlátakónnunni fara inn í búð til þess að seljast þar. Gömlu konurnar voru vinsælar, og var því oft tekið frá og geymt handa þeim, að minnsta kosti það, sem þeim þótti dýrmælast. Það voru purpuralitu mjólkur-konnurnar litlu, logagyltu, með ljósbláu röndina um miðjuna!:!

Kaupgjald og greiðslur. Kaup fastra verslunarþjóna, þeirra, sem bjuggu í "húsinu" var 100 krónur fyrsta árið, 200 næstu 3rárin og 400 krónur á ári, ef lengur voru. Auk þessa voru þeim ætlaðar 450 krónur á ári, fyrir fæði, húsnæði og þjónustu. Laun verslunarstjóranna veit jeg ekki um, að öðru léjti en því, að árið 1875 voru þau 3000 kr. en 1892 4000 kr. Sennilega munu þeir einnig hafa fengið einhvern ágóðahluta (Tantieme) af viðskiftaveltu verslunarinnar. Dagkaup karlmanna kr. 1,35 um vortímann og 2 kr. frá jónsmessu til ágústmánaðarlokans. Kvenfólk og vikadrengir fengu 1 kr. dagkaup um vortímann en kr. 1,35 um sláttinn. Peir sem unnu við skriftir á skrifstofu, lengri eða skemri tíma, t.d. á haust eða vetrarmánuðum fengu 20 aura um klukkutímann. Öll þau ár sem jeg var barnakennari á Eyrarbakka, (12)ár) vann jeg kvöld og morgna við skriftir á skrifstofu verslunarnar fyrir þetta tímakaup. Þótt kaupið væri ekki hærra, dró það sig saman svo, að jeg hafði um 150 krónur yfir allan veturinn, frá 1. október til vertíðar, en þá fór jeg í verið til Stokkseyrar. Fyrir barnaskóla-kensluna hlaut jeg sama kaup, 150 krónur yfir veturinn. Samsvaraði það 5 tíma kenslu á dag. Daglaunamenn þeir ("erfiðismenn"), sem unnu úti við þegar atvinnan var mest um sumartímann, fengu auk dagkaups eina skonroksköku og kvartpela af brennivíni fyrir hvern dag vikunnar. Var þessu svarað út á hverju laugardagskveldi. Í stað brennivínsins var kvenfólkvi afhent

